

3.12.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 70. mál á 149. löggjafarþingi

Dómstólar o.fl. (Endurupptökudómur)

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er lagt til að komið verði á fót nýjum Endurupptökudómi sem taki við þeim verkefnum sem hingað til hafa verið á könnu endurupptökunefndar. Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt því markmiði en telja þó að gera þurfi breytingar á frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Samtökin telja að verði 1. gr. frumvarpsins óbreytt að lögum muni orðalag 4. gr. dómstólalaga verða óþarflega flókið. Er því lagt til að ákvæðið verði frekar orðað á eftirfarandi hátt:

4. gr. laganna orðast þannig: Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur en um þá gilda ákvæði í öðrum lögum, og Endurupptökudómur sem starfar skv. IX. kafla.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Endurupptökudómur verði skipaður fimm dómendum, þar af þremur sem séu starfandi embættisdómarar við þá dómstóla hvers niðurstöður geti komið til kasta Endurupptökudóms. Samtökin gagnrýna þessa tillögu sérstaklega og telja hana ekki samræmast þeim sjónarmiðum sem endurspeglast í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, um rétt manna til úrlausnar fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstól. Að mati samtakanna yrði sá réttur mun betur tryggður með því að engir dómendur Endurupptökudóms yrðu skipaðir úr hópi starfandi embættisdómara við þá dómstóla sem endurskoðunarvald Endurupptökudóms myndi ná til, þannig að sem best sé tryggt að þeir verði sjálfstæðir og óvilhallir í störfum sínum.

Í inngangi að greinargerð með frumvarpi þessu er sú grundvallarbreyting sem það felur í sér rökstudd með vísan til þriggreiningar ríkisvaldsins samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár og í 4. kafla athugasemda með frumvarpinu er talið að það veki að öðru leyti ekki upp spurningar er varða stjórnarskrá. Engu að síður kemur fram að frumvarpið hafi verið samið m.a. af réttarfarsnefnd, en í þeirri nefnd hafa m.a. setið starfandi dómarar. Vekur þetta upp spurningar um þriggreiningu ríkisvaldsins og er því lagt til að tekið verði til skoðunar hvort annað fyrirkomulag geti verið heppilegra. Til að mynda hvort betur færi á því að slík nefnd væri skipuð fræðimönnum fremur en starfandi dómurum.


Loks taka samtökin undir þá tillögu sem kemur fram í fyrri umsögn Persónuverndar um frumvarp sama efnis, að um birtingu úrskurða færi betur á því að fara eftir reglum þess dómstóls, sem veitti þá úrlausn sem óskað er endurupptöku á. Það er til þess fallið að leiða til betra samræmis í framkvæmd birtingar niðurstaðna dómstóla með hliðsjón af sjónarmiðum um vernd persónuupplýsinga.

Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindum athugasemdum, leggjast Hagsmunasamtök heimilanna alfarið gegn því að frumvarp þetta verði afgreitt í óbreyttri mynd. Samtökin mælast þvert á móti til þess að ráðist verði í viðtækara samráð um efni frumvarpsins, þannig að tryggt verði eins og best verður á kosið, að ákvæði þess samræmist framangreindum sjónarmiðum um réttláta málsmeðferð. Samtökin eru eins og ávallt tilbúin til þáttöku í slíku samráði, verði þeim gefinn kostur á því.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is